

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Akraneskaupstaðar og fundarskóp bæjarstjórnar nr. 279/1988, sbr. samþykkt nr. 448/1990.

1. gr.

58. gr. samþykktarinnar hljóði svo:

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð*. Þrír aðalfulltúar í bæjarstjórn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Einn áheyrnarfulltrúi og einn til vara.
2. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
3. *Kjörstjórn við alþingiskosningar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.
4. *Undirkjörstjórnir*. Þrír aðalmenn í hverja undirkjörstjórn og jafnmargir til vara.

B. Til fjögurra ára á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar:

1. *Hafnarstjórn*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 23/1994 og reglugerð fyrir Akraneshöfn.
2. *Almannavarnanefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar skv. lögum um almannavarnir nr. 94/1962, sbr. lög nr. 85/1985.
3. *Atvinnumálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin er bæjarstjórn til ráðuneytis í atvinnumálum sérstaklega er varðar nýjar atvinnugreinar. Atvinnumálanefnd tilnefnir þrjá fulltrúa í stjórnarnefnd vinnumiðlunar sbr. lög nr. 18/1985. Hlutverk vinnumiðlunar er að hafa umsjón með starfi vinnumiðlunar og vera vettvangur samráðs og skoðanaskipta milli sveitarstjórnar og aðila vinnumarkaðarins. Þá skal nefndin, eftir því sem tilefni gefast til, gera tillögur til sveitarstjórnar og annarra opinberra aðila um aðgerðir til styrktar eða eflingar atvinnulífi í sveitarfélaginu. Atvinnumálanefnd fer með stjórn Atvinnuþróunarsjóðs Akraneskaupstaðar sbr. reglugerð þar að lútandi.
4. *Félagsmálaráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Ráðið fjallar um framfærslumál, um barnavernd sbr. lög um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992, heimilishjálp, þjónustu við aldraða og almenna félagslega þjónustu, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Félagsmálaráð fjallar um jafnréttismál sbr. lög nr. 28/1991. Félagsmálaráð skal ennfremur fara með verkefni framtalsnefndar og áfengisvarnarnefndar. Félagsmálaráð skipar þjónustuhóp aldraða í samráði við hreppsnefndir sunnan Skarðsheiðar og fer þjónustuhópurinn með verkefni öldrunarnefndar sbr. ákvæði laga um málefni aldraða.
5. *Byggingar- og skipulagsnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar skv. byggingarlögum nr. 54/1978 og byggingarreglugerð frá júlí 1992. Byggingarnefnd fer einnig með skipulagsmál samkvæmt skipulagslögum og er bæjarstjórn til ráðgjafar um skipulagsmál. Nefndin annast húsfriðunarmál og er bæjarstjórn til ráðuneytis um verndun húsa. Að auki er nefndin bæjarstjórn til ráðuneytis í umferðarmálum og skal gera tillögur um bætтар samgöngur innan bæjarins

og um aukið öryggi fyrir vegfarendur. Byggingarnefnd skal fjalla um ferlimál fatlaðra og stuðla að bættu aðgengi fatlaðra að byggingum og öðrum mannvirkjum.

6. *Umhverfis- og heilbrigðisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar skv. lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Nefndin er bæjarstjórn einnig til ráðuneytis í umhverfismálum og tekur starfssvið nefndarinnar m.a. til náttúruverndar og varna gegn hvers kyns mengun, sbr. lög nr. 47/1971 um náttúruvernd. Nefndin fer með málefni sem snerta gróðurvernd sbr. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965. Ennfremur skal nefndin annast veitingu viðurkenninga til einstaklinga og fyrirtækja fyrir snyrtilegt umhverfi. Nefndin kalli til ráðuneytis fulltrúa þeirra samtaka sem láta sig umhverfismál varða þegar veittar eru viðurkenningar.
7. *Kjörstjórn við sveitarstjórnakosningar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
8. *Undirkjörstjórnir*. Þrír aðalmenn í hverja undirkjörstjórn og jafnmargir til vara.
9. *Skólanefnd grunnskóla*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla.
10. *Fulltrúaráð Fjölbrotaskóla Vesturlands á Akranesi*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. samningi sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi um rekstur skólans dags. í janúar 1987.
11. *Skólanefnd Tónlistarskóla Akraness*. Tveir aðalfulltrúar og tveir til vara skv. skipulagsskrá fyrir skólann frá september 1989.
12. *Stjórn Sjúkrahúss og Heilsugæslustöðvar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin er skipuð skv. lögum nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu.
13. *Íþrótt- og æskulýðsnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Íþrótt- og æskulýðsnefnd vinnur að menningarmálum æskunnar í samvinnu við skóla, bæjaryfirvöld, æskulýðs- og íþróttafélög. Nefndin fjallar um rekstur mannvirkja sem notuð eru til íþrótt- og æskulýðsstarfsemi, svo og um rekstur vinnuskóla fyrir unglinga, skólagarða og leikvelli. Nefndin annast undirbúning hátíðarhalda á 17. júní og annarra samkoma samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar. Íþrótt- og æskulýðsnefnd tilnefnir f.h. bæjarstjórnar tvo fulltrúa úr sínum hópi í sundlaugarnefnd, sem skipuð er fimm mönnum, en þrír kjörnir af eftirtöldum aðilum, einn frá hverjum: Skipstjórafélaginu, sjómannafélögum og stjórn Minningasjóðs Bjarna Ólafssonar. Varamenn skulu kjörnir á sama hátt.
14. *Menningarmála- og safnanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vinna að málefnum safna og menningarstofnana á Akranesi. Hún skal stuðla að framgangi hvers kyns menningarstarfsemi í samstarfi við félagasamtök og hópa sem starfa að menningarmálum. Nefndin fer auk þess með eftirfarandi verkefni:
 - Stjórn héraðsbókasafns og héraðsskjalasafns Akraness, en héraðsnefnd Borgarfjarðarsýslu skipar einn fulltrúa fyrir hreppa sunnan Skarðsheiðar til að fjalla um málefni héraðsbókasafnsins. Starfað skal skv. lögum nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn og lögum nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands.
 - Stjórn Menningarsjóðs skv. skipulagsskrá.
 - Stjórn Byggðasafns Akraness og nærsveita skv. reglugerð um safnið frá 20. mars 1986.
 - Stjórn Bíóhallar skv. skipulagsskrá frá 1986.

15. *Stjórn Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. reglugerð sjóðsins frá 23. júlí 1979.
16. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara.
17. *Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. lögum SSV.
18. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 68/1994 um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.
19. *Hafnarstjórn Grundartangahafnar*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. reglugerð um Grundartangahöfn nr. 214/1980.
20. *Fulltrúaráð Grundartangahafnar*. Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. reglugerð um Grundartangahöfn.
21. *Stjórn dvalarheimilisins Höfða*. Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. skipulags-skrá frá júní 1974.
22. *Húsnæðisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 39. gr. laga nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. lög nr. 58/1995.
23. *Stjórn Rafveitu Akraness*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. reglugerð um Rafveitu Akraness.
24. *Vatnsveitunefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991.
25. *Stjórn Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar*. Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara. Einn endurskoðandi og einn til vara skv. samningi eignaraðila HAB.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akraneskaupstaðar hefur sett, samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 17. mars 1995.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 og samkvæmt lögum um félagslega aðstoð nr. 118/1993 skulu hækka frá 1. mars 1995 að telja um 4,8% frá því sem þær voru í febrúar 1995.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt 65. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, sbr. 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. mars 1995.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.